

**Nr. 036 / 10 Drífa SH 400*****Skipverji fellur í stiga og slasast***

*Skipaskr.nr.* 0795  
*Smíðaður:* Elmshorn Þýskalandi 1956 stál  
*Stærð:* 95,8 brl. 108,9 bt.  
*Mesta lengd:* 27,43 m *Skráð lengd:* 25,55 m  
*Breidd:* 5,5 m *Dýpt:* 3,4 m  
*Vél:* Caterpillar 459 kW, 1996  
*Fjöldi skipverja:* 4



Drífa©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagni í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Pann 27. febrúar 2010 var Drífa SH 400 við bryggju í Sandgerði.

Eftir að löndun á sæbjúgu lauk ætlaði skipverji niður í lest í stiga sem húkkað var í festingu í mannopi. Þegar hann var kominn áleiðis niður losnaði stiginn öðru megin úr festingunni með þeim afleiðingum að skipverjinn missti jafnvægið og féll u.þ.b. einn metra niður á lestargólfíð.

Missti hann meðvitund um stund og fékk skrámu á augabrún. Hann var hífður upp úr lestinni en taldi sig ekki þurfa að leita læknis. Nokkru seinna fannst honum að sér hefði orðið eitthvað meint af fallinu.

***Við rannsókn kom fram:***

- að stiginn náði ekki niður á lestargólfíð og hafði verið hannaður til að passa við hæð tveggja samliggjandi kara í lestinni. Fram kom að hann hefði yfirleitt verið hafður bundinn út í báðar síður til að gera hann stöðugri en í þetta skipti var ekki svo;
- að stiginn var með tvo króka á endum sem krækt var yfir rörafestingu í lúgukarminum (sjá mynd). Þegar skipverjinn var kominn niður í stigann losnaði hann úr festingu öðru megin og slinkur komið á hann;
- að ekki er vitað hvers vegna stiginn losnaði en líklegt er að hann hafi verið sleipur vegna umgangs og fitu;

- að skipverjinn var ekki með öryggishjálmb þrátt fyrir að þeir væru tiltækir um borð. Skipstjórinn sagði að hjálmaskylda væri við öll störf um borð í skipinu;



Efri mynd: Krókur á stiganum húkkaður á festingu í mannopi.  
Neðri mynd: Miðhluti stigans eftir breytingar.

- að skipverjinn kvaðst hafa gert athugasemdir við stigann en fram kom að ekki hafði verið í umræðunni að gera á honum breytingar. Stiginn var lengdur eftir atvikið og nær nú niður á gólfið (sjá mynd).

#### ***Nefndarálit:***

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að stiginn hafi verið varhugaverður.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að skipverjar noti öryggishjálma.